

Fjölmenur landsfundur Kvennalistans:

Teknar alvarlega eftir kosningarnar

- sagði Kristín Halldórsdóttir

„Við finnum það að viðmótið er breytt á þessum fundi frá fyrri fundum,“ sagði Kristín Halldórsdóttir, þingkona Kvennalistans, um stemninguna á landsfundi Kvennalistans sem haldinn var í Gerðubergi um helgina undir yfirskriftinni Þúslum upp á nýtt.

„Það er greinilegt að við erum teknar alvarlega og það kemur óneitanlega fram á fundinum. Kosningasigurinn í vor veldur mestu um þetta og þau völd sem fylgja auknum þingstyrk. Við heyrum að visu enn raddir um erindisleysi okkar í stjórnmalunum en það kemur okkur ekki við því við hlustum meira á eigin raddir.“

Um 150 konur voru á landsfundinum þegar flest var og er hann sá fjölmennasti sem Kvennalistinn hefur haldið. Mikið var rætt um að efla tengslin við landsbyggðina enda voru nú konur úr öllum kjördæmum á landsfundinum en það hefur ekki verið á fyrri landsfundum. Þá var mjög rætt um samband þingkvenna við aðrar konur og þrífaldlega rætt



Kvennalistakonur snæða súpu og brauð í sát og samlyndi í fundarhléi á landsfundinum.

DV-mynd GVA

um „grasrót“ og „sambandsleysi við þingflokki“.

Mikil samstaða ríkti á fundinum

og fátt sem varð tilefni deilna. Þó voru konur af landsbyggðinni ekki alveg sáttar við að þingkonur af svo

kölluðu kvótasvæði 1 skyldu skrifa undir bréf þingmanna um að jafna rétt kvótasvæðanna. -GK

Gamimar raktar úr þingflokknum:

Kem ekki auga á farveg á þingi

- sagði Þórhildur Þorleifsdóttir

„Það er ekki auðvelt að koma auga á farveg fyrir okkar mál á Alþingi,“ svaraði Þórhildur Þorleifsdóttir, þingkona Kvennalistans, fyrirspurn um erindi Kvennalistakvanna á þing.

„Það eru ekki lagabreytingar sem mest þörf er á að fá fram heldur breytt viðhorf,“ sagði Þórhildur og undirstrikaði að sér væri ekki ljóst hvernig nýta ætti aukin völd. Undir lok landsfundarins í gær var

fundarkonum boðið að „rekja garnirnar úr þingflokknum“ og spunnust af því tilefni umræður um hvernig þingstyrkur Kvennalistans yrði nýttur.

Í umræðunum lagði Guðrún Agnarsdóttir áherslu á að starfið í þingflokknum hefði enn ekki verið byggt upp enda væru fjórar nýjar konur í honum og þær þyrftu tíma til að venjast nýjum vinnubrögðum

á nýjum vinnustað.

„Alþingi er á vissan hátt geld stofnun,“ sagði Guðrún og taldi augljóst að ekki væri von á meiri háttar breytingum á lögum til að bæta stöðu kvenna. „Við verðum hins vegar að hrista okkur alls staðar svo fræin falli sem víðast, einnig á þingi. Það er þannig sem við breytum hugarfarinu,“ sagði Guðrún.

Kristín Einarsdóttir, sem kom ný

inn á þing í haust, sagði að tilhneigingar gætti til að „einangra þingkonurnar frá starfinu í grasrótinni“. Sagði hún að þetta hefði komið vel fram í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor þar sem þingkonunum var skipað í annan flokk en öðrum kvennalistakonum. -GK

Framtíð Kvennalistans: Hversu heilög er kýrin?

- spurði Magdalena Schram

„Þegar farið er að ræða um stöðuna þá hlýtur staðan að vera orðin erfið,“ sagði Magdalena Schram sem hafði framsögu um stöðu Kvennalistans. Magdalena sagði að „staða Kvennalistans skipti engu máli heldur staða kvenna. Úrslit kosninganna hafa styrkt okkur í trúnni á okkur sjálfar og færðu okkur nær völdunum. Kannski erum við að komast alla leið? Guð minn góður!“

Magdalena sagði að gera yrði ráð fyrir að á landsfundi kæmi fram í fullri alvöru tillaga sem hljóðaði svo: „Landsfundur Kvennalistans ályktar að leggja Samtök um kvennalista niður.“ Magdalena sagði að enn væri þessi tími ekki kominn en kvennalistakonur yrðu ávallt að spyrja sig: „Hversu heilög er kýrin?“ -GK

Við getum notað þær

„Við getum notað þær,“ var einfalt svar Önnu Ólafsdóttur Björnsson, af Reykjanesi, við spurningunni um hvað kvennalistakonur ætluðu að gera við sex konur á þingi en hún hafði framsögu um málið á laugardaginn.

Anna sagði að svarið væri að visu „kvenfjandsamlegt“ eins og það hljómaði en þetta væri samt eina nothæfa svarið. -GK

Blaðamanni vísað út

Blaðamaður DV var beðinn að víkja úr fundarsalnum meðan Þórhildur Þorleifsdóttir ræddi gang stjórnarmyndunarviðræðnanna í vor á landsfundi Kvennalistans sem þó var auglýstur öllum opin.

Sagt var að konur utan af landi biðu í ofvæni eftir að fá að heyra nákvæmar útlístanir á gangi viðræðnanna og sagt að málið væri það viðkvæmt að ekki væri ástæða til að gera umræður um það opinberar. -GK